

Fundur í Nemendafélagi 13. nóvember kl. 8:20

Mættir: Olli 5. bekk, Sigvaldi og Spói 6. bekk, Sara Margrét 7. Bekk (Þórdís forfölluð), Ingibjörg og Þóra 8. bekk, Hrafn og Valgarður 9. bekk, Veronika og Díana 10. bekk og Sigga Lára skólastjóri sem ritar fundargerð.

Fundargerð

1. Ísbrjótur – sýndar 8 myndir af mismunandi kökum og hver og einn sagði frá hvaða kaka færi alls ekki á diskinn sinn (eða síðast á diskinn sinn).
2. Farið yfir síðustu fundargerð og eftirfarandi tilkynnt:
 - Nýir stólar á unglingastig, voru settir inn í fjárhagsáætlun, bíðum eftir niðurstöðu. Ef af verður fáum við stólana líklegast í byrjun janúar.
 - Sessa í glugga í félagsrými, tilboð á leiðinni og kemur vonandi fljótlega.
 - Sjónvörp á hvert stig, sett í fjárhagsáætlun, bíðum eftir niðurstöðu.
 - Ekki pláss fyrir tennisvöll og aparólu á skólalóðinni.
 - Stefnum á nýjar körfur og ný net í fótboltamörkin 2026.
 - Sóley ætlar að skoða hvort hægt sé að kjósa um bókatitla sem keyptir verða inn.
 - Búin að vera stöðvavinna á miðstigi þar sem m.a. var hægt að leira.
3. Þemavika – hvernig gekk, hvað hefði mátt gera betur? Gekk vel og fulltrúar ánægðir með þemavinnunna, unglingar hefðu þó viljað koma sér betur inn í þemað áttaha áður en þemavikan hófst. Einn fulltrúi á miðstigi hefði viljað meira föndur. Annars allir sammála um vel heppnaða þemaviku.
4. Afmælishátíð – hvernig gekk, hvað hefði mátt gera betur? Gekk mjög vel og skemmtileg afmælishátíð. Þó bent á að of margir voru að borða á sama tíma, rætt að betra hefði verið að fara með súpu og diska á hvert stig og gefa nemendum að borða í heimastofu til að léttast á salnum.
5. Önnur mál
 - Fast snú, snú hjá sandkassanum
 - Kaupa húllahringi

Fulltrúar í 5. – 7. bekk víkja af fundi og fulltrúar í 8. – 10. bekk sitja áfram

6. Ræða á Fullveldishátíð - Díana og Veronika taka það að sér

7. Instagram og pepp - komið í farveg og er virkt, höldum því áfram.
8. Sjoppa á jólabingói Foreldrafélagsins - fulltrúar til í að vera með sjoppu.
9. Fundur með fulltrúum úr nemendafélögum samstarfsskólanna á mánudaginn kl. 10? Hvað viljið þið ræða ? Hvað viljum við gera á skólaárinu?
 - Húsnæði miðsvæðis nokkrum sinnum í mánuði og tækifæri fyrir krakkana að hittast.
 - Böllin - hvenær og hvernig, eitt eða tvö böll
 - Hittingur og húllumhæ - mögulega fyrir ball
 - Smiðjur -
 - Hópefli
 - Gistinótt eingöngur fyrir nemendur samstarfsskólanna í 10. Bekk

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:00